


Betri vinnutími Dagvinna

Inga Rún Ólafsdóttir, sviðsstjóri kjarasviðs
Margrét Sigurðardóttir, sérfræðingur á kjarasviði



Tímamótasamningar

- Í langflestum kjarasamningum sem gengið var frá 2019-2020 er kveðið á um heimild til að stytta vinnuvikuna.
- Heimildarákvæðið er í fylgiskjali 2 því kjarasamningsákvæðum varðandi vinnutíma var ekki breytt.
- Fyrir næstu kjarasamninga verður metið hvernig til tókst og því má segja að samningstíminn sem nær út mars 2023 sé tilrauna- og reynslutími.



Hverjir hafa samið um styttingu vinnutíma?

	Samið um stytting vinnutíma	Ekki samið um styttingu vinnutíma
ASÍ	Öll stéttarfélög	
BHM	Öll stéttarfélög önnur en...	Félag íslenskra hljómlistarmanna
BSRB	Öll stéttarfélög	
KÍ	Félag leikskólakennara og Félag stjórnenda í leikskólum	Skólastjórafélag Íslands
Utan bandalaga	Öll stéttarfélög	


Samningum er enn ólokið við Félag grunnskólakennara, Félag kennara og stjórnenda í tónlistarskólum og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga

Stytting vinnutíma dagvinnufólks

Markmið með styttingu vinnutíma:

- að bæta vinnustaðamenningu og nýtingu vinnutíma
- að auka skilvirkni
- að bæta gæði þjónustu
- að tryggja betur gagnkvæman sveigjanleika starfsfólks og stofnana/vinnustaða
- að stuðla að bættum lífskjörum
- að stuðla að samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs

Betri vinnutími er útfærður í nærumhverfinu



Forsendur breytinganna

Samtal milli starfsfólks og stjórnenda um umbætur, verklag og vinnufyrirkomulag.

Leiðir ekki til breytinga á launum eða launakostnaði sveitarfélaga.

Starfsemi stofnunar/vinnustaðar raskist ekki.

Opinber þjónusta sé af sömu eða betri gæðum og áður.



Um hvað var samið ?



Heimildarákvæði í fylgiskjali 2:

Vinnutími styttist um 13 mín. á dag

Heimild er til frekari styttingar vinnutíma er nemur allt að 35 mínútum á dag. Samhliða því verður grein 3.1 óvirk.

ATHUGIÐ að margir hafa þegar „selt“ kaffitíma gegn styttingu vinnutíma.

ATHUGIÐ að ekki er samið um útfærslu styttingar vinnutíma fyrir hvern starfsmann fyrir sig, heldur er gert samkomulag um útfærslu vinnutíma fyrir vinnustaðinn í heild.

Hvað gerist þegar grein 3.1 verður óvirk

~~Kaffitímar~~


Sveigjanleg hlé

~~Matartímar~~



Stytting vinnutíma dagvinnufólks

Ferli innleiðingar á betri vinnutíma er í átta skrefum



1. Ferlið sett af stað

Stytting vinnutíma dagvinnufólks

Vinnuveitandi kallar vinnutímanefnd saman.

Skipuð fulltrúum stjórnenda og starfsfólks (5-6 manns).

Heimilt er að víkja frá þessu verklagi ef allir starfsmenn eru samþykkir því að annað fyrirkomulag henti betur.

2. upplýsingaöflun og greining

Stytting vinnutíma dagvinnufólks

Vinnutímanefnd:

Kynnir sér fræðsluefni og leiðbeiningar um betri vinnutíma.

Upplýsingaöflun og greiningu á starfseminni.

Markmið greiningarvinnunar er að draga fram gagnkvæman ávinning starfsfólks og vinnustaðar af breyttu skipulagi og styttri vinnutíma.

3. Samtal starfsfólks og stjórnenda

Stytting vinnutíma dagvinnufólks

Samráðsfundur með öllu starfsfólki og stjórnendum.

Nefndin kynnir niðurstöður greininga og stjórnar umræðu um hvernig auka megí skilvirkni og vinna betur á styttri tíma.

Markmið samráðsfundarins er að tryggja aðkomu og þátttöku allra starfsmanna og stjórnenda.

4. Úrvinnsla og tillögur

Stytting vinnutíma dagvinnufólks

Vinnutímanefndin:

vinnur úr samtalinu og þeim tillögum sem þar koma fram.

Gerir tillögur að breyttu skipulagi vinnutíma og skipulagi hléa.

Ber ábyrgð á að þær tillögur sem lagðar eru fram séu framkvæmanlegar með hliðsjón á starfsemi vinnustaðar og innra skipulagi.

5. Úrvinnsla og tillögur

Stytting vinnutíma dagvinnufólks

Vinnutímanefnd:

Kynnir tillögur sínar fyrir starfsfólki og stjórnendum og gefur þeim kost á viðbrögðum.

Undirbýr tillögur að samkomulagi í samræmi við niðurstöðu samtalsins.

Undirbýr atkvæðagreiðslu.

6. Atkvæðagreiðsla

Stytting vinnutíma dagvinnufólks

Starfsfólk og stjórnendur greiða atkvæði um tillögur vinnutímanefndar í leynilegri kosningu.

Að minnsta kosti helmingur starfsfólks þarf að taka þátt.

Meirihluti þeirra þarf að samþykkja tillöguna.

eða meirihluti starfsfólks sem tillagan fjallar um ef tillögur eru fleiri en ein eftir hópum starfsfólks, deildum eða sviðum.

Mögulega þarf að endurtaka atkvæðagreiðslu til að komast að niðurstöðu í þeim tilvikum þar sem tillögur eru fleiri en ein.

Ef boðið er upp á fleiri en eina útfærslu fyrir hvern starfsmannahóp er það sú tillaga sem fær flest atkvæði sem verður fyrir valinu. Sé atkvæði hverrar tillögu með svipaðan stuðning gæti önnur kosning milli tveggja efstu tillagnanna endurspeglad betur vilja meirihlutans.

Atkvæðagreiðsla getur verið framkvæmd á fundi eða rafrænt.

7a. Tillaga samþykkt

Stytting vinnutíma dagvinnufólks

Ef tillaga um samkomulag um breytt skipulag vinnutíma er samþykkt skal vinnutímanefnd senda hana til sveitarstjórnar/stjórnar stofnunar til staðfestingar og innleiðingarhópi til upplýsingar.

Að fenginni staðfestingu sveitarstjórnar/stjórnar stofnunar telst tillaga samþykkt.

7b. Tillaga felld

Stytting vinnutíma dagvinnufólks

Tilkynning um árangurslaust samtal skal send sveitarstjórn/stjórn stofnunar og innleiðingarhópi til upplýsinga.

Í framhaldi af tilkynningu um árangurslaust samtal mun sveitarstjórn aðstoða starfsfólk og stjórnendur við að ná fram breyttu skipulagi vinnutíma í samræmi við markmið fylgiskjals 2 með kjarasamningi aðila.

Náist ekki niðurstaða í samtalið með aðstoð sveitastjórnar/stjórn stofnunar, skal leita aðstoðar innleiðingarhóps.

Ef tillaga vinnutímanefndar er felld kann það að seinka gildistöku styttingar vinnutíma á viðkomandi stofnun.

Náist ekki samkomulag um styttri vinnutíma, styttist vinnutími starfsfólks engu að síður er nemur 13 mínútum á dag miðað við 40 stunda vinnuviku.

8. Innleiðing


Stytting vinnutíma dagvinnufólks

Breyting á vinnutíma skal taka gildi eigi síðar en 1. janúar 2021 að því gefnu að tillaga vinnutímanefndar hafi verið samþykkt.


Breytingin má taka gildi fyrr ef samkomulag er um það og skal þá ákveða hvenær breytingin tekur gildi á samráðsfundi vinnutímanefndar og starfsfólks stofnunar, sbr. 3. lið, samtal starfsfólks og stjórnenda.

Alltaf þarf staðfestingu sveitarstjórnar/stjórnar stofnunar um tilhögun vinnutímastyttingar.

Dæmi um útfærslur á styttingu vinnutíma



Skýring á myndmáli




Dæmi 1

Stytting án breytinga á hléum




Stytting á hverjum degi

Í DAG




DAGLEGA

STYTTING UM 13 MÍN.




1. ~~2~~ Stytting einu sinni í viku

Í DAG




EINU SINNI Í VIKU

STYTTING
UM 65 MÍN.




VIKA: Dagurinn byrjar kl. 8:00



1.4


Stytting einn dag, aðra hvora viku

Í DAG



AÐRA HVORA VIKU

STYTTING
UM 130 MÍN.



MÁNUÐUR: Dagurinn byrjar kl. 8:00

MÁNUDAGUR	ÞRIÐJUDAGUR	MIÐVIKUDAGUR	FIMMTUDAGUR	FÖSTUDAGUR
 16:00	 16:00	 16:00	 16:00	 16:00
 16:00	 16:00	 16:00	 16:00	 13:50
 16:00	 16:00	 16:00	 16:00	 16:00
 16:00	 16:00	 13:50	 16:00	 16:00


Dæmi 2

Stytting og breyting á hléum




Stytting á hverjum degi 2.

Í DAG



DAGLEGA


STYTTING UM 13+15 MÍN.



2.2


Stytting einu sinni í viku

Í DAG



EINU SINNI Í VIKU

STYTTING
UM 140 MÍN.



2.3

Stytting einu sinni í viku

VIKA: Dagurinn byrjar kl. 8:00

MÁNUDAGUR



16:00

ÞRIÐJUDAGUR



16:00

MIÐVIKUDAGUR



16:00

FIMMTUDAGUR



16:00

FÖSTUDAGUR




13:40

2.4


Stytting einn dag, aðra hvora viku

Í DAG



AÐRA HVORA VIKU

STYTTING
UM 280 MÍN.



2.5

Stytting einn dag, aðra hvora viku

MÁNUÐUR: Dagurinn byrjar kl. 8:00

MÁNUDAGUR	ÞRIÐJUDAGUR	MIÐVIKUDAGUR	FIMMTUDAGUR	FÖSTUDAGUR
 16:00	 16:00	 16:00	 16:00	 16:00
 16:00	 16:00	 16:00	 16:00	 11:20
 16:00	 16:00	 16:00	 16:00	 16:00
 16:00	 16:00	 11:20	 16:00	 16:00


Dæmi 3

Stytting og breyting á hléum




Stytting á hverjum degi

Í DAG



DAGLEGA


STYTTING UM 13+35 MÍN.



3.2


Stytting einu sinni í viku

Í DAG




EINU SINNI Í VIKU

STYTTING
UM 240 MÍN.




VIKA: Dagurinn byrjar kl. 8:00



3.4


Stytting einn dag, aðra hvora viku

Í DAG



AÐRA HVORA VIKU

STYTTING UM
480 MÍN. FRÍ.



3.5
Stytting einn dag, aðra
hvora viku um 480 mínútur

MÁNUÐUR: Dagurinn byrjar kl. 8:00

MÁNUDAGUR	ÞRIÐJUDAGUR	MIÐVIKUDAGUR	FIMMTUDAGUR	FÖSTUDAGUR
 16:00	 16:00	 16:00	 16:00	 16:00
 16:00	 16:00	 16:00	 16:00	 FRÍ
 16:00	 16:00	 16:00	 16:00	 16:00
 16:00	 16:00	 FRÍ	 16:00	 16:00

Starfsfólk í hlutastarfi

Eins og ávallt heimilt að gera samkomulag við starfsfólk í hlutastarfi um að auka starfshlutfall sitt með því að vinna áfram jafn margar klukkustundir og áður.

Rétt er að benda á að ef þessi leið er farin verður um kostnaðarauka að ræða fyrir sveitarfélagið/stofnunina.



Vinnutímasamkomulag

- Umbætur - Aðlögun stofnunar/vinnustaðar til að nýta tímann betur
- Aðlögun vinnustaðamenningar
- Nýtt fyrirkomulag vinnutíma:
 - Lengd vinnuviku (fjöldi stunda)
 - Daglegur/vikulegur vinnutími (t.d. kl. 8:00-15:12 eða unnið til kl. 12:00 á föstudögum)
 - Fyrirkomulag hléa
- Skýr skilaboð
 - Uppsöfnun styttingar, árekstur við veikindi, rauða daga, orlof o.s.frv.
 - Áhrif á ávinnslu réttinda
- Endurupptaka samtals/stöðutaka/tímabil samkomulags um breytt vinnufyrirkomulag

Upplýsingar og stuðningur

Innleiðingarhópur Sambands Íslenskra
sveitarfélaga

betrivinnutimi@samband.is

<https://www.samband.is/verkefnin/kjara-og-starfsmannamal/betri-vinnutimi/>

<https://betrivinnutimi.is/>



GANGI YKKUR VEL

